

1489. stjórnarfundur,

24.3. 2010 kl. 12:00.

Frímenn Ari Ferdinandsson

1. Fundargerð 1488. fundar.

Samþykkt með breytingum.

2. Skautahöllin.

Borin fram tillaga formanns um að breytingar á stjórn Skautahallarinnar :

Fjölga stjórnarmönnum úr þremur í fimm.

Stjórnin verði skipuð 2 frá ÍBR, 2 frá Skautafélagi Reykjavíkur og einum frá ÍTR.

Tillagan samþykkt og formanni falið að halda áfram með málið.

3. Íslenskar getraunir.

ÍG sendi ÍBR bréf þar sem nýjar áherslur voru kynntar á starfsemi ÍG fyrir næsta haust. Samþykkt var að framkvæmdastjóri myndi svara bréfinu og m.a. ítreka lagalegan rétt ÍBR til tekna af ÍG og biðja um fund með ÍG til að ræða málin frekar.

4. Samsstarfssamningar við Reykjavíkurborg.

Samningar Reykjavíkurborgar við Íþróttafélagin renna út 2011.

Vinnuhópur skipaður Erni Hafsteinssyni í Fylki, Stefáni Karlssyni í Val og Jóni Þór í Ármanni, ásamt Frímanni Ferdinandssyni frkv.stjóra ÍBR hafa verið að skoða þær áherslubreytingar sem þarf að gera í næsta samningi.

Vinnulisti lagður fram til skoðunar.

5. Æfingagjaldkönnun.

Lögð fram samantekt á æfingagjöldum félaga í Reykjavík fyrir 2009. Samantekt þessi hefur verið gerð árlega síðastliðin 5 ár og sýnir þróun æfingagjalda félaganna. Skjalið aðgengilegt á vef ÍBR til skoðunar.

6. Aðildarumsókn Mjölnis.

Umsókn móttækin. Samþykkt að vísa umsókninni til laganefndar ÍSÍ.

7. Þinggerð ÍBR þings.

Þinggerð lögð fram í prentuðu formi. Er á vef ÍBR á pdf formi.

8. Önnur mál.

Ákveðið að Víkingur fengi hefðbundna gjöf vegna 100 ára afmælis síns, þó aðeins sé liðið frá viðburðinum.

Rætt almennt um möguleika á bættri aðstöðu fyrir íþróttafélög í Reykjavík og hvernig ÍBR gæti beitt sér í því máli.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13.30
Jónas Sigurðsson, fundarritari.